

## Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um grásleppuveiðar.

1. *Hversu miklu af grásleppu var landað af þorsketabátum á sl. vetrarvertíð, skipt eftir veiðisvæðum?*

Fiskistofa tók saman eftirfarandi upplýsingar um landaðan grásleppuafla íslenskra skipa í þorskanet á tímabilinu 1. janúar til 11. maí 2004 samkvæmt skráningu í löndunarhöfnum:

Hafnarnr.	Löndunarhöfn	Magn í kg
11	Þorlákshöfn	986
13	Grindavík	63
21	Keflavík	27
27	Hafnarfjörður	379
33	Reykjavík	9.151
35	Akranes	9.374
38	Arnarstapi	38.168
42	Rif	8.859
43	Ólafsvík	16.297
45	Grundarfjörður	1.257
47	Stykkishólmur	10.820
57	Patreksfjörður	7.958
69	Bolungarvík	52
115	Húsavík	783
117	Kópasker	27
149	Hornafjörður	8
	<b>Samtals</b>	<b>104.209</b>

2. *Til hvaða ráðstafana verður gripið á næstu vertíð til að koma í veg fyrir annars vegar veiðar og löndun þorskanetaflotans og annarra veiðiskipa án grásleppuveiðileyfis á grásleppu og hins vegar grásleppuveiði utan veiðitíma?*

Sú ákvörðun sem kemur til með að hafa mest áhrif á grásleppuveiðar í þorskanet á komandi vertíð er að frá næstu áramótum verður óheimilt að nota stærri möskva í þorskanetum en 8 þumlunga. Telja sjómenn að bann við notkun stærri möskva komi til með að draga úr veiði á grásleppu í þorskanet. Ljóst er hins vegar að grásleppa kemur til með að flækjast í önnur veiðarfæri en grásleppunet og ekki er unnt að koma í veg fyrir það. Sú regla hefur gilt að lifandi grásleppu sem veiðist í þorskanet beri að sleppa, en þeirri reglu er í raun ómögulegt að fylgja eftir.

3. *Telur ráðherra að gætt sé jafnræðis við sviptingu veiðileyfa vegna of mikils meðafla (kvótasettra tegunda) grásleppubáta annars vegar og þorsknetabáta hins vegar?*

Leyfissviptingum hefur ekki verið beitt sérstaklega vegna þorskveiða grásleppubáta. Hins vegar getur það leitt til leyfissviptingar ef þorskveiðar grásleppubáta leiða til þess að þeir veiði umfram aflaheimildir sínar í þorski. Þetta er hin almenna lögbundna regla um veiðar umfram aflaheimildir og gildir ekkert sérstakt um þorskveiðar grásleppubáta að því leyti. Þá ber að hafa í huga í þessu sambandi að grásleppan er ekki kvótasett og því er engin leið fyrir þorskveiðibáta að afla sér aflaheimilda í þeirri tegund.